# SEÐLABANKI ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 1965

REYKJAVÍK 1966

ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA H.F.

# EFNISYFIRLIT

Bls.

**Skýrsla bankastjórnar** ........................... 5

1. Þróun efnahagsmála

Þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur 1965 ................ 5
Greiðslujöfnuður og gjaldeyrisstaða ................... 6
Peningamálin ..................................... 8
Ástand og horfur .................................. 11

2. Starfsemi Seðlabankans

Innstæðubinding ................................... 19
Vextir við innlánsstofnanir og Seðlabankann ........... 19
Innlend fjáröflun og fjárfestingarlánamál ............. 20
Reikningshreyfingar ................................ 21
Rekstur og hagur .................................. 26
Seðlavelta ........................................ 27
Gengisskráning .................................... 27
Stofnlánadeild sjávarútvegsins ........................ 27
Ríkisábyrgðasjóður ................................. 29
Bankaeftirlit ...................................... 32
Ávísanamál og ýmis mál varðandi bankakerfið .......... 32
Innheimta útflutningsgjalds .......................... 33
Byggingarmál bankans ............................... 33

**Reikningar 1964** ................................... 35

Seðlabanki Íslands

Bankastjórn ....................................... 48
Bankaráð ......................................... 49
Helztu starfsmenn .................................. 50

# SKÝRSLA BANKASTJÓRNAR

## 1. Þróun efnahagsmála

*ÞJÓÐARFRAMLEIÐSLA OG ÞJÓÐARTEKJUR 1965.* Á árinu 1965 varð enn ör aukning á þjóðarframleiðslu og þjóðartekjum. Samkvæmt bráðabirgðaáætlun Efnahagsstofnunarinnar varð vöxtur þjóðarframleiðslunnar 5%, en var 5,5% árið á undan. Þar sem viðskiptakjör bötnuðu verulega á árinu, varð aukning þjóðartekna mun örari eða milli 8 og 9%, en það mun vera ein mesta aukning þjóðartekna, sem orðið hefur hér á landi á einu ári. Árið 1964 var vöxtur þjóðartekna 8,4%.

Þegar litið er á þátt einstakra atvinnugreina í þessari hagstæðu þróun, kemur í ljós, að undirstaðan var, eins og á undanförnum árum, stóraukinn fiskafli ásamt mjög hagstæðri þróun viðskiptakjara. Fiskafli varð meiri á árinu en nokkru sinni fyrr. Samkvæmt bráðabirgðatölum nam heildaraflinn 1.166 þús. tonnum og hafði að magni aukizt um 20% frá árinu áður. Aukningin kom öll fram á síldar- og loðnuafla. Síldaraflinn jókst um 38%, en þorskaflinn varð aftur á móti nokkru minni en árið áður. Framleiðsluaukning sjávarafurða er áætluð 10%, en þá er ekki reiknað með hækkunum, er urðu á verðlagi þessara afurða á erlendum mörkuðum.

Enda þótt nokkur verðhækkun hafi orðið á innfluttum vörum, varð verðhækkun útflutningsafurða mun meiri eða um 12%, og er áætlað, að viðskiptakjörin hafi batnað um allt að 10% á árinu. Mest verðhækkun mun hafa orðið á síldarmjöli, freðfiski og saltsíld, en auk þess varð nokkur verðhækkun á síldarlýsi, saltfiski, ísfiski og fleiri afurðum.

Framleiðsluaukning í landbúnaði er áætluð 5%, ef miðað er við fast verðlag. Mjólkurframleiðslan mun hafa aukizt um 6% og slátrun sauðfjár í sláturhúsum um 11,5%. Bústofnsaukning á árinu 1965 varð hins vegar minni en árið áður.

Í iðnaði, öðrum en fiskiðnaði, mun framleiðsla ekki hafa aukizt frá árinu áður. Hins vegar varð mikil aukning í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð eða um 10%. Í landbúnaði varð framleiðsluaukning svipuð og aukning þjóðarframleiðslunnar, eins og fyrr segir, og hið sama má segja um opinbera þjónustu og tekjur af íbúðarhúsnæði.

Heildarfjármunamyndun á föstu verðlagi er áætluð svipuð og árið á undan. Einstakir þættir fjármunamyndunarinnar sýndu þó verulega aukningu, t. d. byggingarstarfsemi og mannvirkja-




gerð, eins og áður er sagt. Hins vegar varð fjárfesting í skipa- og flugvélakaupum mun minni en árið 1964, enda var hún þá óvenjumikil. Aukning útflutningsbirgða var mjög veruleg árið 1965 eða 365 millj. kr. á verðlagi í árslok 1965. Aukning heildarfjárfestingar, sem er fjármunamyndun að viðbættum birgða- og bústofnsbreytingum, er áætluð 5,5% á föstu verðlagi.

Samfara hinni öru aukningu framleiðslu og fjárfestingar á árinu átti sér stað mjög mikil þensla í tekjumyndun og eftirspurn eftir innlendum vörum og þjónustu. Jukust peningatekjur mun örar en raunverulegar þjóðartekjur, og kom það fram í áframhaldandi verðhækkunum. Verður hér á eftir rætt um hinar peningalegu og fjárhagslegu orsakir eftirspurnarþenslunnar, en fyrst verður gerð grein fyrir greiðslujöfnuðinum og þróun gjaldeyrismála.

*GREIÐSLUJÖFNUÐUR OG GJALDEYRISSTAÐA.* Utanríkisviðskipti Íslendinga fóru enn vaxandi hröðum skrefum á árinu 1965. Heildarverðmæti útflutningsins jókst um 783 millj. kr. miðað við árið áður eða um 16%, og jafnframt jukust birgðir útflutningsafurða í landinu að verðmæti um 444 millj. kr. Innflutningur jókst mun minna en útflutningur, og nam heildaraukningin 265 millj. kr., sem er tæp-



lega 5% aukning. Innflutningur skipa og flugvéla varð rúmlega 350 millj. kr. minni 1965 en árið áður, þannig að heildarverðmæti annars innflutnings jókst um rúmlega 13% miðað við árið 1964.

Samkvæmt skýrslum Hagstofunnar var vöruskiptajöfnuðurinn á árinu 1965 óhagstæður um 342 millj. kr., en á árinu 1964 var hann óhagstæður um 860 millj. kr. Í þessum tölum er verðmæti útflutnings reiknað f.o.b., en verðmæti innflutnings c.i.f. Þótt þetta sé almenn venja, gefur það ekki réttan samanburð, þar sem í innflutningstölum eru innifalin flutningsgjöld, tryggingar og annar kostnaður. Sé bæði inn- og útflutningur reiknaður á f.o.b. verði, kemur í ljós, að vöruskiptajöfnuðurinn hefur verið hagstæður um 200 millj. kr. á árinu 1965, en var á sama hátt reiknaður óhagstæður um 265 millj. kr. 1964. Vöruskiptajöfnuðurinn í heild hefur þannig orðið 465 millj. kr. hagstæðari 1965 en árið áður. Ef vöruskiptajöfnuður árin 1965 og 1964 er borinn saman án skipa- og flugvélainnflutnings sést, að jöfnuðurinn varð rúmlega 200 millj. kr. hagstæðari 1965 en 1964.







Enn sem komið er, liggja aðeins fyrir lauslegar áætlanir um greiðslujöfnuðinn í heild á árinu 1965, en samkvæmt þeim hefur viðskiptajöfnuður á vörum og þjónustu verið hagstæður um 100—200 millj. kr. Eru þetta mikil umskipti frá árinu 1964, en þá reyndist greiðslujöfnuðurinn samkvæmt lokaskýrslum óhagstæður um 340 millj. kr. Hinn hagstæði jöfnuður á árinu 1965 á fyrst og fremst rót sína að rekja til hins mikla útflutnings, sem var á árinu.

Af erlendum lántökum til eins árs eða lengri tíma voru alls notaðar um 650 millj. kr. Þar af námu lán einkaaðila um 450 millj. kr., en þau voru að langmestu leyti vegna flugvéla- og skipakaupa. Lántökur opinberra aðila námu um 200 millj. kr. Endurgreiðslur af




sams konar lánum námu alls um 490 millj. kr., þar af um 240 millj. kr. af lánum einkaaðila, en 250 millj. kr. af opinberum lánum. Samkvæmt þessum tölum, sem allar byggjast á bráðabirgðaáætlunum, hækkuðu föst erlend lán einkaaðila um 210 millj. kr., en opinber lán lækkuðu um 50 millj. kr. Heildarskuldir þjóðarbúsins í formi fastra lána hækkuðu þannig um 160 millj. kr. á árinu 1965 á móti 510 millj. kr. hækkun árið áður. Stutt erlend vörukaupalán hækkuðu um 141 millj. kr. á árinu 1965, en lækkuðu um 78 millj. kr. árið áður.

Gjaldeyrisstaða bankanna batnaði á árinu 1965 um 319 millj. kr., og nam nettógjaldeyriseign bankanna 1.912 millj. kr. í árslok 1965. Hefur gjaldeyrisstaðan batnað ár frá ári síðustu sex árin, og nam nettógjaldeyriseignin í árslok einum þriðja heildarinnflutnings, eins og hann var árið 1965.

*PENINGAMÁLIN.* Þróun peningamála og fjármála á árinu 1965 einkenndist af mjög mikilli útlánaþenslu og örri aukningu bæði peningamagns og viðskiptaveltu. Verða nú rakin tölulega helztu atriði þróunarinnar, en síðar rætt um orsakir hennar og afleiðingar.

Mikið útstreymi fjár úr Seðlabankanum til bankakerfisins átti sér stað á árinu, og voru aukin endurkaup afurðavíxla þar mikilvægust. Endurkaup afurðavíxla jukust alls um 388 millj. kr. á árinu, en aðeins um 30 millj. kr. árið áður. Af aukningunni voru 159 millj. kr. vegna landbúnaðarafurðavíxla og 229 millj. kr. vegna sjávarafurðavíxla.

Þótt á móti þessu kæmi aukning bundins fjár, er nam 298 millj. kr., batnaði þó lausafjárstaða innlánsstofnana mjög á árinu. Almennar innstæður þeirra hjá Seðlabankanum jukust um 134 millj. kr. til viðbótar við 139 millj. kr. aukningu árið áður. Reikningsskuldir og lán gegn



## 1. *tafla. Gjaldeyrisstaða bankanna.*

| Í millj. kr. | Erl. bankar, verðbréf og mynt, nettó (1) | Erlendir víxlar nettó (2) | Skuld við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (3) | Skuld við Evrópusjóðinn (4) | Staða í frjálsum gjaldeyri samtals (5) | Staða í vöruskiptagjaldeyri (6) | Gjaldeyrisstaða samtals: Skv. gengi á hverjum tíma (7) | Gjaldeyrisstaða samtals: Umreiknað skv. núverandi gengi (8) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Árslok 1956 .. | 67,5 | 27,9 | — | — | 95,4 | ÷ 33,4 | 62,0 | 163,9 |
| — 1957 .. | 10,0 | 22,4 | — | — | 32,4 | ÷ 17,8 | 14,6 | 38,4 |
| — 1958 .. | 100,9 | 7,3 | — | — | 108,2 | ÷ 21,7 | 86,5 | 228,5 |
| — 1959 .. | ÷ 46,4 | 6,0 | — | — | ÷ 40,4 | ÷ 14,0 | ÷ 54,4 | ÷143,8 |
| — 1960 .. | 502,0 | 25,4 | ÷260,3 | ÷266,0 | 1,1 | 111,2 | 112,3 | 126,9 |
| — 1961 .. | 1.066,0 | 11,3 | ÷294,6 | ÷215,0 | 567,7 | ÷ 41,1 | 526,6 | 526,6 |
| — 1962 .. | 1.381,9 | ÷147,3 | ÷122,6 | — | 1.112,0 | 38,0 | 1.150,0 | 1.150,0 |
| 1963: | | | | | | | | |
| Janúar ..... | 1.323,9 | ÷114,5 | — | — | 1.209,4 | ÷ 26,5 | 1.182,9 | 1.182,9 |
| Febrúar .... | 1.315,4 | ÷137,5 | — | — | 1.177,9 | 14,4 | 1.192,3 | 1.192,3 |
| Marz ...... | 1.341,6 | ÷139,1 | — | — | 1.202,5 | 24,3 | 1.226,8 | 1.226,8 |
| Apríl ...... | 1.362,2 | ÷148,9 | — | — | 1.213,3 | 53,5 | 1.266,8 | 1.266,8 |
| Maí ....... | 1 447,1 | ÷160,1 | — | — | 1.287,0 | 134,4 | 1.421,4 | 1.421,4 |
| Júní ....... | 1.313,4 | ÷161,0 | — | — | 1.152,4 | 103,6 | 1.256,0 | 1.256,0 |
| Júlí ........ | 1.210,0 | ÷155,0 | — | — | 1.055,0 | 146,5 | 1.201,5 | 1.201,5 |
| Ágúst ...... | 1.142,5 | ÷117,8 | — | — | 1.024,7 | 105,7 | 1.130,4 | 1.130,4 |
| September .. | 1.131,8 | ÷126,7 | — | — | 1.005,1 | 76,8 | 1.081,9 | 1.081,9 |
| Október .... | 1.194,9 | ÷116,1 | — | — | 1.078,8 | 75,3 | 1.154,1 | 1.154,1 |
| Nóvember .. | 1.257,3 | ÷123,3 | — | — | 1.134,0 | 70,8 | 1.204,8 | 1.204,8 |
| Desember .. | 1.357,3 | ÷131,6 | — | — | 1.225,7 | 85,6 | 1.311,3 | 1.311,3 |
| 1964: | | | | | | | | |
| Janúar ..... | 1.367,7 | ÷146,5 | — | — | 1.221,2 | 56,1 | 1.277,3 | 1.277,3 |
| Febrúar .... | 1.444,8 | ÷141,9 | — | — | 1.302,9 | 59,1 | 1.362,0 | 1.362,0 |
| Marz ...... | 1.427,4 | ÷132,8 | — | — | 1.294,6 | 58,7 | 1.353,3 | 1.353,3 |
| Apríl ...... | 1.383,2 | ÷141,3 | — | — | 1.241,9 | 127,6 | 1.369,5 | 1.369,5 |
| Maí ....... | 1.342,2 | ÷158,9 | — | — | 1.183,3 | 138,0 | 1.321,3 | 1.321,3 |
| Júní ....... | 1.316,6 | ÷161,6 | — | — | 1.155,0 | 130,2 | 1.285,2 | 1.285,2 |
| Júlí ........ | 1.336,6 | ÷162,2 | — | — | 1.174,4 | 113,3 | 1.287,7 | 1.287,7 |
| Ágúst ...... | 1.448,6 | ÷163,4 | — | — | 1.285,2 | 72,6 | 1.357,8 | 1.357,8 |
| September .. | 1.399,4 | ÷143,0 | — | — | 1.256,4 | 31,2 | 1.287,6 | 1.287,6 |
| Október .... | 1.534,7 | ÷151,7 | — | — | 1.383,0 | 15,5 | 1.398,5 | 1.398,5 |
| Nóvember .. | 1.695,9 | ÷130,7 | — | — | 1.565,2 | ÷ 69,6 | 1.495,6 | 1.495,6 |
| Desember .. | 1.760,6 | ÷ 98,8 | — | — | 1.661,8 | ÷ 69,0 | 1.592,8 | 1.592,8 |
| 1965: | | | | | | | | |
| Janúar ..... | 1.718,7 | ÷111,7 | — | — | 1.607,0 | ÷ 73,8 | 1.533,2 | 1.533,2 |
| Febrúar .... | 1.734,9 | ÷ 65,1 | — | — | 1.669,8 | ÷ 69,6 | 1.600,2 | 1.600,2 |
| Marz ...... | 1.678,9 | ÷ 66,7 | — | — | 1.612,2 | ÷ 55,4 | 1.556,8 | 1.556,8 |
| Apríl ...... | 1.684,6 | ÷ 67,3 | — | — | 1.617,3 | ÷ 56,2 | 1.561,1 | 1.561,1 |
| Maí ....... | 1.754,9 | ÷ 70,3 | — | — | 1.684,6 | ÷ 59,2 | 1.625,4 | 1.625,4 |
| Júní ....... | 1.821,2 | ÷ 83,2 | — | — | 1.738,0 | ÷ 47,0 | 1.691,0 | 1.691,0 |
| Júlí ........ | 1.841,3 | ÷ 44,7 | — | — | 1.796,6 | ÷ 73,6 | 1.723,0 | 1.723,0 |
| Ágúst ...... | 1.973,5 | ÷ 37,6 | — | — | 1.935,9 | ÷125,3 | 1.810,6 | 1.810,6 |
| September .. | 1.958,8 | ÷ 27,2 | — | — | 1.931,6 | ÷146,6 | 1.785,0 | 1.785,0 |
| Október .... | 2.054,2 | ÷ 50,3 | — | — | 2.003,9 | ÷163,3 | 1.840,6 | 1.840,6 |
| Nóvember .. | 2.050,3 | ÷ 63,3 | — | — | 1.987,0 | ÷181,9 | 1.805,1 | 1.805,1 |
| Desember .. | 2.234,8 | ÷ 75,2 | — | — | 2.159,6 | ÷247,7 | 1.911,9 | 1.911,9 |

**Skýringar við 1. töflu.** Allar tölur í töflunni, að undanskildum 8. lið, eru miðaðar við skráð gengi á hverjum tíma, þ. e. tölur frá árslokum 1956 til ársloka 1959 eru miðaðar við skráð gengi fyrir gengisbreytinguna í febrúar 1960, en tölur frá og með árslokum 1961 eru miðaðar við gengi eftir 4. ágúst 1961. Ef umreikna á eldri tölur til núverandi gengis, þarf að margfalda tölur fyrir tímabilið 1956—1959 með 264,1, en með 113,0 fyrir árslok 1960.

1. liður töflunnar sýnir aðstöðu bankanna gagnvart erlendum bönkum, verðbréfaeign, gulleign Seðlabankans, gullframlag til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, seðla og erlenda mynt.
2. liður sýnir nettóeign bankanna af víxlum og ávísunum, sem greiðast eiga í erlendum gjaldeyri.




verðbréfum, sem stóðu í upphafi ársins, voru greidd upp fyrir árslok. Verður því ekki annað sagt en lausafjárstaða innlánsstofnana í heild hafi verið rúm í árslok, þótt nokkrar undantekningar hafi verið frá því hjá einstaka stofnun.

Mjög mikil þensla varð í viðskiptum innlánsstofnana á árinu, bæði að því er varðar útlán og innlán. Útlán banka og sparisjóða jukust um 1.633 millj. kr. Af því var 181 millj. kr. aðeins bókhaldsaukning, vegna þess að innstæður tveggja banka hjá Seðlabankanum vegna stofnlána breyttust í beint lán til Stofnlánadeildar sjávarútvegsins. Raunveruleg aukning varð því 1.452 millj. kr. eða 22%, samanborið við 713 millj. kr. og 12% aukningu árið áður. Langmest varð aukning hjá viðskiptabönkum eða 1.315 millj. kr. Útlán jukust yfirleitt til allra atvinnugreina, en einna mest til sjávarútvegs og landbúnaðar, einkum vegna endurkaupanna. Lán til sjávarútvegs jukust um 332 millj. kr., landbúnaðar um 268 millj. kr., verzlunar um 242 millj. kr. og iðnaðar um 158 millj. kr.

Heildarinnlán hjá bönkum og sparisjóðum jukust um 1.526 millj. kr. Þar af jókst sparifé eitt um 1.222 millj. kr., en veltiinnilán um 304 millj. kr. Árið 1964 varð aukning sparifjár 760 millj. kr., en aukning veltiinnlána 315 millj. kr. eða samtals 1.075 millj. kr. Sparifjáraukning ársins 1965 er því óvenjumikil, en hlutfallið milli aukningar spariinnlána og útlána varð þó mun óhagstæðara en undanfarið ár vegna hinnar miklu útlánaþenslu.

Greiðsluhalli ríkissjóðs minnkaði verulega á árinu. Endanlegar tölur um greiðslujöfnuð ríkissjóðs liggja að vísu ekki fyrir, en samkvæmt hreyfingum



á helztu reikningum ríkissjóðs í Seðlabankanum ásamt breytingu á sjóði hjá ríkisféhirði, má ætla að halli ársins 1965 hafi numið rúmum 100 millj. kr. Hefur þróun ríkisfjármálanna snúizt aftur í betra horf, þar sem greiðsluhalli á árinu 1964 nam 258 millj. kr. Árin þar á undan hafði aftur á móti verið verulegur greiðsluafgangur. Ríkisútgjöld fóru verulega fram út áætlun, m. a. vegna launahækkana og verðtryggingar launa opinberra starfsmanna. Á móti hækkaði m. a. söluskattur úr 5,5% í 7,5%, og stefnt var að lækkun fjárfestingarútgjalda um 20%. Þrátt fyrir þessar ráðstafanir varð greiðsluhalli á árinu. Var afkoman lökust á fyrri hluta ársins, en batnaði, eftir því sem á það leið, en þá hafði vaxandi eftirspurn í







för með sér verulega aukningu söluskatts og tolltekna af innflutningi.

Innstæður ríkisstofnana við Seðlabankann jukust verulega á árinu. Varð það ásamt öðrum hreyfingum til þess að heildarstaða ríkissjóðs og ríkisstofnana gagnvart Seðlabankanum batnaði um 34 millj. kr. á árinu, þrátt fyrir greiðsluhalla ríkissjóðs. Árið 1964 hafði heildarstaðan hins vegar versnað um 167 millj. kr.

*ÁSTAND OG HORFUR.* Í síðustu ársskýrslu Seðlabankans, sem lögð var fram fyrir ári, var lögð áherzla á, að eitt meginvandamálið í stjórn efnahagsmála hafi um langt skeið verið að halda aukningu eftirspurnar innan þeirra marka, sem framleiðslugeta þjóðarbúsins leyfir. Mánuðina á undan hafði dregið nokkuð úr þenslu þeirri í efnahagsmálum, sem aukizt hafði á árinu 1963, og um áramótin hafði Seðlabankinn þess vegna talið rétt að lækka vexti um 1%.




Á árinu 1965 varð hins vegar aftur breyting á þróun efnahagsmálanna, og fór eftirspurn ört vaxandi, eftir því sem leið á árið. Verður nú drepið á helztu orsakir hinnar vaxandi eftirspurnar innan lands.

Peningalegar orsakir þenslunnar voru einkum þrjár. Í fyrsta lagi átti sér stað mikil skuldasöfnun ríkissjóðs hjá Seðlabankanum á fyrri hluta ársins. Venjulega er nokkur greiðsluhalli hjá ríkissjóði fyrri hluta árs, sem jafnast af greiðsluafgangi á síðari hluta ársins. Greiðsluhallinn var nú óvenjulega mikill og vannst ekki upp fyrir árslok. Útstreymi fjár vegna viðskipta ríkissjóðs við Seðlabankann á árinu í heild var þó miklu minni en árið 1964, og miðaði þar aftur í rétta átt síðustu mánuði ársins. Í öðru lagi var hin geysilega aukning á verðmæti útflutningsframleiðslunnar, einkum síðari hluta ársins, sem áður er getið. Í kjölfar hennar fylgdi stóraukning birgða útflutningsafurða og þar með endurkaupa Seðlabankans á útflutningsvöruvíxlum. Jafnframt jukust kaup bankanna á erlendum gjaldeyri, sem einnig hefur í för með sér útstreymi fjár úr Seðlabankanum. Á síðari hluta ársins kom einnig til þriðja meginorsök peningaþenslunnar, en það var stóraukning á endurkaupum landbúnaðarvíxla. Stafaði hún bæði af verðhækkun landbúnaðarafurða haustið 1965 og af auknum birgðum mjólkurafurða, aðallega smjörs og osta. Stafar birgðasöfnunin af því, að framleiðslumagnið er of mikið miðað við eftirspurnina innan lands, en miklir erfiðleikar eru á að selja mjólkurafurðir erlendis, einkum smjör. Líkur eru á, að birgðavandamál þetta haldist á árinu 1966.



Á undanförnum árum hefur innlánsbindingu einkum verið beitt til þess að draga úr þensluáhrifum af útstreymi fjár úr Seðlabankanum. Á árinu 1965 nam bindihlutfallið 25% af aukningu innstæðna, og nam bindiféð um 300 millj. kr. Nægði það þó hvergi nærri til þess að vega upp á móti áhrifum þeirra afla, sem áður hafa verið nefnd.

Hinu mikla útstreymi fjár úr Seðlabankanum, bæði vegna gjaldeyriskaupa og útlána hans, fylgdi samsvarandi aukning peningamagns og greiðslugetu. Höfðu bankar og sparisjóðir meira svigrúm til útlánaaukningar, enda jukust raunveruleg útlán bankakerfisins um 1.452 millj. kr. eða 22%. Jók það enn á peningamagn og eftirspurn. Sé litið á ávísanaskipti hjá Seðlabankanum, en þau eru nokkur mælikvarði á viðskiptaveltu í landinu, kemur í ljós, að þau jukust mjög á árinu 1965. Aukning ávísanaskipta í heild á árinu var 23,5%. Mest var aukningin síðari helming ársins eða 28,3%, en 17,8% á fyrri helmingnum, hvort tveggja miðað við sama tímabil árið áður.

Á síðustu mánuðum ársins hafði eftirspurn innan lands vaxið svo, að gæta tók mikillar aukningar á innflutningi, en undanfarin tvö ár hefur vöxtur hans verið tiltölulega hægur. Síðasta ársfjórðunginn varð innflutningur án skipa og flugvéla þannig um 22% meiri en á sama tímabili árið 1964. Vöxtur innflutnings átti að sjálfsögðu þátt í því að létta á eftirspurnarþrýstingi á innlenda framleiðsluþætti, en áhrif hinna miklu útflutningstekna, sem áður er getið, urðu þó þyngri á metunum, enda jókst gjaldeyrisforðinn á þessu tímabili.

Í árslok var svo komið, að bankastjórn Seðlabankans taldi nauðsynlegt að grípa til aðgerða í peningamálum til þess að hamla á móti hinni vaxandi þenslu í efnahagsmálum, sem m. a. kom fram í mikilli útlánaaukningu bankanna. Helztu aðgerðir bankans voru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi var skylda banka og annarra innlánsstofnana til að binda fé í Seðlabankanum aukin úr 25% í 30% af innlánsaukningu, en hámarksbindiskylda hverrar stofnunar hækkuð úr 18% í 20% af heildarinnstæðum.

Í öðru lagi voru innlánsvextir hækkaðir almennt um 1%, svo að þeir yrðu hinir sömu og giltu fram til ársloka 1964. Hliðstæðar hækkanir voru ákveðnar á útlánsvöxtum, þó þannig, að mjög lítil hækkun varð á vöxtum af afurðalánum með veði í útflutningsframleiðslu.

Í þriðja lagi beindi bankastjórn Seðlabankans þeim tilmælum til bankanna, að þeir gættu hófs í útlánum á komandi ári, en legðu jafnframt kapp á að láta rekstrarfjárþörf atvinnuveganna, og þá einkum sjávarútvegsins, sitja fyrir um lánveitingar.

Þessar peningalegu aðgerðir eru líklegri til árangurs, vegna þess að gerðar hafa verið ráðstafanir til þess að bæta hag ríkissjóðs, auk þess sem tekjur hans eru vaxandi vegna aukinnar veltu. Sá halli, sem var á rekstri ríkisins 1964 og allt fram á síðari hluta ársins 1965, virðist því nú úr sögunni, svo að áhrif peningalegra aðgerða eru ekki lengur að engu gerðar vegna áhrifa frá hallarekstri ríkissjóðs.

Reynsla undanfarinna ára bendir hins vegar eindregið til þess, að ráðstaf-

anir í peningamálum og fjármálum ríkisins séu ekki einhlítar til lausnar verðbólguvandamálum af því tagi, sem við hefur verið að etja hér á landi. Þessar ráðstafanir virðast hafa reynzt miklu árangursríkari í því að draga úr aukningu innflutnings og varðveita greiðslustöðu þjóðarbúsins út á við heldur en að koma í veg fyrir áframhaldandi innlendar verðhækkanir. Ástæðurnar fyrir þessu liggja tvímælalaust að verulegu leyti í því, hve lokaður mikill hluti íslenzka hagkerfisins er fyrir utan að komandi samkeppni, svo að ört vaxandi eftirspurn hefur fljótlega áhrif til verulegra verðhækkana. Aðstæðurnar í byggingariðnaðinum eru gott dæmi um þetta. Eins og á öllum velmegunartímum, hefur tekjuaukningin undanfarin ár leitt til ört vaxandi eftirspurnar eftir húsnæði, jafnframt því sem aðrar byggingaframkvæmdir hafa aukizt mjög. Afkastageta byggingariðnaðarins og tæknilegar aðstæður leyfa hins vegar ekki nægilega skjóta aukningu framboðs á nýju húsnæði, til þess að hinni nýju eftirspurn sé mætt með viðunandi hætti. Afleiðingin kemur fram í hækkandi verði á húsnæði, sem síðan veldur enn meiri aukningu eftirspurnar, og svo koll af kolli, unz fasteignaverðlag hefur hækkað langt umfram það, sem eðlilegt getur talizt. Aðeins aukið framboð getur leyst úr slíku vandamáli, svo að vel sé. Frá þessu sjónarmiði er mikilvæg sú ráðstöfun, sem nú er í undirbúningi, að lækkaðir verði tollar af tilbúnum húsum og húshlutum í því skyni að auka framboð á húsnæði.

Mikilvægt skref í sömu átt, sem ætti að hafa hagstæð áhrif á efnahagsþróunina, er sú aukning frílistans, sem ákveðin var í árslok 1965. Einnig hafa verið í undirbúningi ýmsar frekari lækkanir á tollum, en áframhaldandi lækkun þeirra tollmúra, sem hlaðizt hafa upp í kringum hið íslenzka hagkerfi undanfarna þrjá áratugi, hlýtur að verða eitt mikilvægasta verkefnið í efnahagsmálum á næstu árum.

Vonir virðast nú standa til þess, að nokkru betra peningalegt jafnvægi náist á þessu ári eftir hina miklu þenslu, er átti sér stað á árinu 1965. Koma þar bæði til áhrifin af peningalegum aðgerðum Seðlabankans og batnandi hagur ríkissjóðs, svo og aukin samkeppni að utan. Reynsla ársins 1965 hlýtur hins vegar að vekja menn til umhugsunar um það, hvað gera megi til þess að koma í veg fyrir, að eftirspurnaröldur rísi eins ört og þá átti sér stað. Þyrfti þá sérstaklega að kanna, hvernig forðast megi, að bankarnir auki útlán sín, jafnskjótt og lausafjárstaða þeirra rýmkar, t. d. vegna óvenjulega hagstæðs útflutnings. Jafnari aukning eftirspurnar og bankaútlána er tvímælalaust miklu hagstæðari, bæði fyrir þjóðarbúið í heild og afkomu einstakra fyrirtækja og atvinnuvega. Í ýmsum löndum er þetta tryggt, meðal annars með því, að samið er við bankakerfið um það, að útlán aukist ekki nema um ákveðið hámarkshlutfall á ári. Slíkt samkomulag hér á landi gæti verið gagnlegt til þess að koma í veg fyrir það, að útlán aukist á einu ári um nærri því einn fjórða hluta, eins og átti sér stað 1965, enda er slík útlánaaukning langt umfram það, sem samræmzt geti heilbrigðri þróun efnahagsmála.

## *2. tafla. Yfirlit um peningamál.*

| Í millj. kr. | Peningamagn (seðlar og tékka-reikningar) (1) | Sparifé (að frádregnum innstæðum í ávísanabókum) (2) | Mótvirðisfé og geymslufé (3) | Heildar-útlán viðskiptabanka og sparisjóða (4) | Lán Seðlab. til ríkissjóðs og fjárfest.l.st. nettó (5) | Gjaldeyris-staða bankanna (6) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Árslok 1956 | 776,9 | 1.227,8 | 234,5 | 2.463,0 | 150,3 | 62,0 |
| — 1957 | 891,7 | 1.396,6 | 280,1 | 2.744,6 | 167,0 | 14,6 |
| — 1958 | 1.045,8 | 1.570,2 | 325,4 | 3.279,3 | 131,7 | 86,5 |
| — 1959 | 1.154,4 | 1.820,2 | 312,3 | 3.899,0 | 110,2 | ÷ 54,4 |
| — 1960 | 1.125,1 | 2.194,6 | 313,7 | 4.196,7 | 85,7 | 112,3 |
| — 1961 | 1.448,4 | 2.743,2 | 305,8 | 4.547,9 | 344,8 | 526,6 |
| — 1962 | 1.740,0 | 3.514,9 | 462,2 | 5.132,9 | 392,4 | 1.150,0 |
| Mánaðarlok 1963: | | | | | | |
| Janúar | 1.859,3 | 3.589,6 | 477,0 | 5.202,4 | 473,9 | 1.182,9 |
| Febrúar | 1.803,7 | 3.636,8 | 481,5 | 5.247,0 | 435,5 | 1.192,3 |
| Marz | 1.802,4 | 3.662,7 | 432,2 | 5.315,6 | 376,2 | 1.226,8 |
| Apríl | 1.965,4 | 3.690,3 | 442,8 | 5.412,0 | 397,5 | 1.266,8 |
| Maí | 2.006,6 | 3.813,6 | 450,2 | 5.605,4 | 302,5 | 1.421,4 |
| Júní | 1.843,1 | 3.862,5 | 442,7 | 5.738,1 | 238,4 | 1.256,0 |
| Júlí | 1.837,9 | 3.932,2 | 428,5 | 5.850,7 | 249,4 | 1.201,5 |
| Ágúst | 1.827,4 | 3.950,5 | 451,1 | 5.972,6 | 248,7 | 1.130,4 |
| September | 1.940,0 | 3.955,6 | 448,5 | 6.134,5 | 270,7 | 1.081,9 |
| Október | 1.908,6 | 3.976,1 | 457,4 | 6.121,4 | 263,4 | 1.154,1 |
| Nóvember | 1.908,8 | 3.952,8 | 444,8 | 6.142,3 | 170,9 | 1.204,8 |
| Desember | 1.751,0 | 4.239,2 | 400,8 | 5.895,4 | 232,3 | 1.311,3 |
| Mánaðarlok 1964: | | | | | | |
| Janúar | 1.904,1 | 4.259,0 | 385,9 | 5.912,9 | 335,2 | 1.277,3 |
| Febrúar | 1.879,6 | 4.310,8 | 406,3 | 5.947,3 | 315,9 | 1.362,0 |
| Marz | 1.930,7 | 4.326,5 | 397,2 | 5.949,2 | 409,5 | 1.353,3 |
| Apríl | 2.044,6 | 4.401,6 | 374,4 | 6.078,8 | 435,5 | 1.369,5 |
| Maí | 2.150,2 | 4.459,2 | 379,3 | 6.311,1 | 408,2 | 1.321,3 |
| Júní | 2.082,8 | 4.507,0 | 384,7 | 6.324,2 | 491,7 | 1.285,2 |
| Júlí | 2.252,7 | 4.568,1 | 376,8 | 6.489,0 | 575,0 | 1.287,7 |
| Ágúst | 2.203,8 | 4.623,6 | 376,6 | 6.556,1 | 565,3 | 1.357,8 |
| September | 2.295,7 | 4.645,5 | 377,8 | 6.700,6 | 588,3 | 1.287,6 |
| Október | 2.381,5 | 4.724,1 | 380,5 | 6.761,9 | 570,1 | 1.398,5 |
| Nóvember | 2.316,8 | 4.710,8 | 374,9 | 6.786,7 | 438,9 | 1.495,6 |
| Desember | 2.196,0 | 4.998,8 | 368,2 | 6.608,2 | 402,8 | 1.592,8 |
| Mánaðarlok 1965: | | | | | | |
| Janúar | 2.285,4 | 5.107,9 | 362,6 | 6.837,0 | 371,8 | 1.533,2 |
| Febrúar | 2.187,2 | 5.207,7 | 372,2 | 6.863,6 | 333,2 | 1.600,2 |
| Marz | 2.195,4 | 5.285,5 | 384,7 | 6.935,4 | 479,9 | 1.556,8 |
| Apríl | 2.422,0 | 5.311,8 | 388,5 | 7.116,2 | 525,9 | 1.561,1 |
| Maí | 2.511,3 | 5.340,7 | 390,9 | 7.332,7 | 380,5 | 1 625 4 |
| Júní | 2.516,7 | 5.415,3 | 392,1 | 7.317,5 | 464,0 | 1.691,0 |
| Júlí | 2.639,0 | 5.510,0 | 381,1 | 7.417,6 | 541,6 | 1.723,0 |
| Ágúst | 2.581,5 | 5.565,6 | 357,3 | 7.549,7 | 420,0 | 1.810,6 |
| September | 2.649,7 | 5.612,5 | 355,8 | 7.682,0 | 458,8 | 1.785,0 |
| Október | 2.792,1 | 5.731,0 | 360,6 | 7.945,1 | 432,0 | 1.840,6 |
| Nóvember | 2.847,6 | 5.752,2 | 369,8 | 8.249,9 | 306,0 | 1.805,1 |
| Desember | 2.729,3 | 6.220,5 | 344,4 | 8.241,3 | 257,2 | 1.911,9 |

1) Peningamagn: Samanlögð seðlavelta, innstæður í sparisjóðsávísanareikningum og hlaupareikningum viðskiptabanka og sparisjóða að frádregnu geymslufé vegna innflutnings og enn fremur hlaupareikningsinnstæður í Seðlabankanum aðrar en innstæður ríkissjóðs og mótvirði bandarískra vörukaupalána (P.L. 480 lána).
2) Mótvirðisfé og geymslufé: Auk mótvirðisfjár á reikningum Seðlabankans er hér með talið mótvirði bandarískra vörukaupalána og geymslufé vegna innflutnings.
3) Heildarútlán: Sama tala og í 9. dálki 4. töflu.
4) Lán Seðlabanka til ríkissjóðs og fjárfestingarlánastofnana, nettó: Samanlagðar tölur úr 2., 5., og 6. dálki í 3. töflu.
5) Gjaldeyrisstaða bankanna: Sama tala og í 7. dálki í 1. töflu.

## *3. tafla. Úr reikningum Seðlabankans.*

| Í millj. kr. | Seðlavelta (1) | Aðstaða ríkissj. og ríkisstofn. (nettó) | Endurkeyptir víxlar (3) | Aðstaða banka og sparisjóða (nettó) (4) | Aðstaða fjárfest.-lánastofnana (nettó) (5) | Verðbréf (6) | Mótvirðisfé (7) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Árslok 1956 | 347,9 | ÷ 70,9 | ÷416,2 | ÷ 92,7 | ÷ 44,2 | ÷ 35,2 | 190,4 |
| — 1957 | 362,8 | ÷ 76,9 | ÷457,8 | ÷ 79,1 | ÷ 46,5 | ÷ 43,6 | 198,1 |
| — 1958 | 407,4 | ÷ 40,8 | ÷644,6 | ÷ 74,1 | ÷ 39,1 | ÷ 51,8 | 207,8 |
| — 1959 | 412,2 | 23,2 | ÷857,5 | ÷ 83,0 | ÷ 37,9 | ÷ 95,5 | 226,9 |
| — 1960 | 414,0 | 55,4 | ÷737,2 | ÷ 76,2 | ÷ 28,8 | ÷112,3 | 232,2 |
| — 1961 | 509,9 | 154,6 | ÷794,7 | 543,7 | ÷297,7 | ÷201,7 | 205,2 |
| — 1962 | 583,8 | 234,1 | ÷682,3 | 1.057,9 | ÷331,8 | ÷294,6 | 391,2 |
| Mánaðarlok 1963: | | | | | | | |
| Janúar | 540,9 | 167,4 | ÷606,0 | 1.113,0 | ÷356,2 | ÷285,1 | 404,2 |
| Febrúar | 526,2 | 236,6 | ÷554,2 | 1.092,2 | ÷350,9 | ÷321,2 | 406,5 |
| Marz | 561,4 | 284,7 | ÷580,8 | 1.088,8 | ÷335,6 | ÷325,3 | 354,5 |
| Apríl | 577,4 | 269,0 | ÷687,3 | 1.196,5 | ÷340,3 | ÷326,2 | 357,2 |
| Maí | 624,6 | 365,0 | ÷726,1 | 1.184,7 | ÷321,1 | ÷346,4 | 354,7 |
| Júní | 626,4 | 412,2 | ÷707,8 | 1.009,8 | ÷343,0 | ÷307,6 | 351,5 |
| Júlí | 626,6 | 383,6 | ÷757,3 | 1.011,0 | ÷343,1 | ÷289,9 | 335,0 |
| Ágúst | 636,1 | 394,0 | ÷825,1 | 964,5 | ÷352,5 | ÷290,2 | 362,1 |
| September | 669,2 | 368,8 | ÷927,9 | 1.050,2 | ÷349,6 | ÷289,9 | 363,7 |
| Október | 653,7 | 368,8 | ÷921,3 | 1.081,2 | ÷354,4 | ÷277,9 | 375,4 |
| Nóvember | 646,9 | 415,6 | ÷905,8 | 1.075,6 | ÷316,7 | ÷269,8 | 357,5 |
| Desember | 654,4 | 440,7 | ÷746,6 | 1.099,4 | ÷319,2 | 353,8 | 330,1 |
| Mánaðarlok 1964: | | | | | | | |
| Janúar | 617,9 | 352,3 | ÷614,0 | 1.173,1 | ÷334,7 | ÷352,8 | 331,9 |
| Febrúar | 611,4 | 374,9 | ÷547,2 | 1.163,6 | ÷322,4 | ÷368,4 | 333,7 |
| Marz | 658,3 | 312,3 | ÷621,0 | 1.222,9 | ÷353,9 | ÷367,8 | 331,8 |
| Apríl | 695,9 | 260,8 | ÷726,4 | 1.327,1 | ÷330,8 | ÷365,5 | 305,9 |
| Maí | 726,9 | 281,8 | ÷802,9 | 1.301,1 | ÷317,1 | ÷372,9 | 301,9 |
| Júní | 723,0 | 187,5 | ÷752,6 | 1.337,3 | ÷305,4 | ÷373,8 | 303,6 |
| Júlí | 776,0 | 87,9 | ÷833,1 | 1.399,0 | ÷300,4 | ÷362,5 | 301,6 |
| Ágúst | 741,6 | 155,8 | ÷850,7 | 1.475,5 | ÷307,6 | ÷413,5 | 304,5 |
| September | 768,7 | 122,8 | ÷912,7 | 1.521,5 | ÷311,9 | ÷399,2 | 307,0 |
| Október | 774,5 | 128,6 | ÷971,4 | 1.630,9 | ÷304,8 | ÷394,0 | 310,0 |
| Nóvember | 767,1 | 205,7 | ÷907,3 | 1.541,4 | ÷251,3 | ÷393,0 | 309,6 |
| Desember | 776,5 | 273,7 | ÷777,0 | 1.529,9 | ÷272,5 | ÷403,9 | 299,6 |
| Mánaðarlok 1965: | | | | | | | |
| Janúar | 737,8 | 133,5 | ÷663,5 | 1.390,0 | ÷105,6 | ÷399,7 | 299,9 |
| Febrúar | 724,2 | 192,0 | ÷596,6 | 1.379,2 | ÷114,8 | ÷410,3 | 305,8 |
| Marz | 747,4 | 67,6 | ÷688,5 | 1.482,4 | ÷137,5 | ÷409,9 | 313,7 |
| Apríl | 809,4 | 16,9 | ÷778,7 | 1.564,6 | ÷121,0 | ÷421,9 | 308,4 |
| Maí | 843,9 | 117,4 | ÷803,2 | 1.391,3 | ÷ 70,2 | ÷427,7 | 309,8 |
| Júní | 852,3 | 48,9 | ÷737,9 | 1.522,4 | ÷ 91,6 | ÷421,3 | 316,3 |
| Júlí | 899,2 | ÷ 19,9 | ÷740,6 | 1.531,7 | ÷ 88,5 | ÷433,2 | 300,4 |
| Ágúst | 871,7 | 118,0 | ÷842,8 | 1.584,2 | ÷ 62,0 | ÷476,1 | 280,4 |
| September | 917,5 | 88,5 | ÷821,8 | 1.551,6 | ÷ 49,9 | ÷497,4 | 282,5 |
| Október | 927,3 | 86,9 | ÷1.071,6 | 1.787,4 | ÷ 21,9 | ÷497,0 | 283,1 |
| Nóvember | 929,2 | 198,3 | ÷1.178,7 | 1.741,5 | 0,9 | ÷505,1 | 285,6 |
| Desember | 1.017,8 | 307,9 | ÷1.164,8 | 1.794,9 | ÷ 58,3 | ÷506,8 | 268,0 |

1) Tölur í 2., 4. og 5. dálki sýna reikningsstöðu ríkissjóðs og ríkisstofnana, banka og sparisjóða og fjárfestingarlánastofnana við Seðlabankann.
2) Mótvirðisfé: Þarna er auk mótvirðisfjár á nafni ríkissjóðs og Framkvæmdabankans talið mótvirði bandarískra vörukaupalána (P.L. 480).

## 4. tafla. Úr reikningum viðskiptabanka og sparisjóða.

| Í millj. kr. | SPARIINNLÁN | | | VELTIINNLÁN | | | ÚTLÁN | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Bankar (1) | Spari-sjóðir (2) | Sam-tals (3) | Bankar (4) | Spari-sjóðir (5) | Sam-tals (6) | Bankar (7) | Spari-sjóðir (8) | Sam-tals (9) |
| Árslok 1956 ....... | 983,3 | 244,5 | 1.227,8 | 461,2 | 11,9 | 473,1 | 2.229,4 | 233,6 | 2.463,0 |
| — 1957 ....... | 1.113,9 | 282,7 | 1.396,6 | 597,4 | 13,5 | 610,9 | 2.480,9 | 263,7 | 2.744,6 |
| — 1958 ....... | 1.245,0 | 325,2 | 1.570,2 | 738,3 | 17,2 | 755,5 | 2.973,2 | 306,1 | 3.279,3 |
| — 1959 ....... | 1.436,5 | 383,7 | 1.820,2 | 798,0 | 27,8 | 825,8 | 3.524,5 | 374,5 | 3.899,0 |
| — 1960 ....... | 1.752,0 | 442,6 | 2.194,6 | 769,9 | 20,4 | 790,3 | 3.795,8 | 400,9 | 4.196,7 |
| — 1961 ....... | 2.200,7 | 542,5 | 2.743,2 | 1.003,9 | 30,2 | 1.034,1 | 4.068,7 | 479,2 | 4.547,9 |
| — 1962 ....... | 2.826,3 | 688,6 | 3.514,9 | 1.169,0 | 44,9 | 1.213,9 | 4,532.1 | 600,8 | 5.132,9 |
| Mánaðarlok 1963: | | | | | | | | | |
| Janúar .......... | 2.898,5 | 691,1 | 3.589,6 | 1.327,2 | 52,6 | 1.379,8 | 4.605,7 | 596,7 | 5.202,4 |
| Febrúar ......... | 2.930,7 | 706,1 | 3.636,8 | 1.286,9 | 52,5 | 1.339,4 | 4.640,4 | 606,6 | 5.247,0 |
| Marz ........... | 2.954,7 | 708,0 | 3.662,7 | 1.266,5 | 39,5 | 1.306,0 | 4.697,7 | 617,9 | 5.315,6 |
| Apríl ........... | 2.970,5 | 719,8 | 3.690,3 | 1.414,5 | 46,0 | 1.460,5 | 4.787,7 | 624,3 | 5.412,0 |
| Maí ............ | 3.076,0 | 737,6 | 3.813,6 | 1.401,3 | 46,9 | 1.448,2 | 4.970,4 | 635,0 | 5.605,4 |
| Júní ............ | 3.121,6 | 740,9 | 3.862,5 | 1.246,2 | 49,1 | 1.295,3 | 5.089,1 | 649,0 | 5.738,1 |
| Júlí ............. | 3.189,4 | 742,8 | 3.932,2 | 1.237,3 | 54,9 | 1.292,2 | 5.189,2 | 661,5 | 5.850,7 |
| Ágúst ........... | 3.200,9 | 749,6 | 3.950,5 | 1.221,4 | 46,8 | 1.268,2 | 5.304,6 | 668,0 | 5.972,6 |
| September ....... | 3.207,8 | 747,8 | 3.955,6 | 1.284,1 | 59,2 | 1.343,3 | 5.457,3 | 677,2 | 6.134,5 |
| Október ......... | 3.229,3 | 746,8 | 3.976,1 | 1.269,7 | 55,3 | 1.325,0 | 5.442,1 | 679,3 | 6.121,4 |
| Nóvember ....... | 3.209,7 | 743,1 | 3.952,8 | 1.288,0 | 47,8 | 1.335,8 | 5.466,7 | 675,6 | 6.142,3 |
| Desember ....... | 3.440,5 | 798,7 | 4.239,2 | 1.101,3 | 48,9 | 1.150,2 | 5.218,8 | 676,6 | 5.895,4 |
| Mánaðarlok 1964: | | | | | | | | | |
| Janúar .......... | 3.464,1 | 794,9 | 4.259,0 | 1.270,1 | 52,5 | 1.322,6 | 5.236,0 | 676,9 | 5.912,9 |
| Febrúar ......... | 3.512,8 | 798,0 | 4.310,8 | 1.284,1 | 39,2 | 1.323,3 | 5.266,6 | 680,7 | 5.947,3 |
| Marz ........... | 3.530,4 | 796,1 | 4.326,5 | 1.278,3 | 42,0 | 1.320,3 | 5.266,6 | 682,6 | 5.949,2 |
| Apríl ........... | 3.575,5 | 826,1 | 4.401,6 | 1.355,7 | 43,4 | 1.399,1 | 5.379,3 | 699,4 | 6.078,7 |
| Maí ............ | 3.615,1 | 844,1 | 4.459,2 | 1.428,9 | 54,0 | 1.482,9 | 5.597,4 | 713,6 | 6.311,0 |
| Júní ............ | 3.644,3 | 862,7 | 4.507,0 | 1.369,3 | 50,4 | 1.419,7 | 5.598,3 | 725,9 | 6.324,2 |
| Júlí ............. | 3.698,8 | 869,3 | 4.568,1 | 1.470,1 | 60,9 | 1.531,0 | 5.744,8 | 744,2 | 6.489,0 |
| Ágúst ........... | 3.750,3 | 873,3 | 4.623,6 | 1.447,7 | 66,7 | 1.514,4 | 5.807,6 | 748,5 | 6.556,1 |
| September ....... | 3.773,2 | 872,3 | 4.645,5 | 1.516,0 | 63,0 | 1.579,0 | 5.945,6 | 755,0 | 6.700,6 |
| Október ......... | 3.831,0 | 893,1 | 4.724,1 | 1.581,8 | 76,6 | 1.658,4 | 5.990,1 | 771,8 | 6.761,9 |
| Nóvember ....... | 3.827,1 | 883,7 | 4.710,8 | 1.522,0 | 68,5 | 1.590,5 | 6.008,5 | 778,2 | 6.786,7 |
| Desember ....... | 4.063,7 | 935,1 | 4.998,8 | 1.400,5 | 64,5 | 1.465,0 | 5.829,2 | 779,0 | 6.608,2 |
| Mánaðarlok 1965: | | | | | | | | | |
| Janúar .......... | 4.154,4 | 953,5 | 5.107,9 | 1.514,6 | 72,5 | 1.587,1 | 6.055,2 | 781,8 | 6.837,0 |
| Febrúar ......... | 4.249,1 | 958,6 | 5.207,7 | 1.436,8 | 68,9 | 1.505,7 | 6.073,7 | 789,9 | 6.863,6 |
| Marz ........... | 4.323,8 | 961,7 | 5.285,5 | 1.440,2 | 52,4 | 1.492,6 | 6.142,4 | 793,0 | 6.935,4 |
| Apríl ........... | 4.325,6 | 986,2 | 5.311,8 | 1.604,1 | 62,0 | 1.666,1 | 6.307,2 | 809,0 | 7.116,2 |
| Maí ............ | 4.351,8 | 988,9 | 5.340,7 | 1.660,4 | 64,0 | 1.724,4 | 6.507,4 | 825,3 | 7.332,7 |
| Júní ............ | 4.413,0 | 1.002,3 | 5.415,3 | 1.652,3 | 62,6 | 1.714,9 | 6.489,7 | 827,8 | 7.317,5 |
| Júlí ............. | 4.483,8 | 1.026,2 | 5.510,0 | 1.722,1 | 72,5 | 1.794,6 | 6.563,5 | 854,1 | 7.417,6 |
| Ágúst ........... | 4.531,7 | 1.033,9 | 5.565,6 | 1.684,2 | 77,7 | 1.761,9 | 6.686,3 | 863,4 | 7.549,7 |
| September ....... | 4.570,6 | 1.041,9 | 5.612,5 | 1.709,6 | 70,1 | 1.779,7 | 6.812,4 | 869,6 | 7.682,0 |
| Október ......... | 4.649,5 | 1.081,5 | 5.731,0 | 1.819,4 | 99,3 | 1.918,7 | 7.048,6 | 896,5 | 7.945,1 |
| Nóvember ....... | 4.668,0 | 1.084,2 | 5.752,2 | 1.875,7 | 100,9 | 1.976,6 | 7.339,0 | 910,9 | 8.249,9 |
| Desember ....... | 5.061,9 | 1.158,6 | 6.220,5 | 1.694,3 | 74,9 | 1.769,2 | 7.325,5 | 915,8 | 8.241,3 |

1) Innlánin, eins og þau koma fram í töflunni, eru nettóinnlán, þ. e. að frádregnum innlánum stofnana hverrar hjá annarri.
2) Spariinnlánin eru hér tilgreind að frádregnum innstæðum í sparisjóðsávísanabókum.
3) Með veltiinnlánum er talið geymslufé vegna innflutnings og innstæður í sparisjóðsávísanabókum.
4) Tölu m þeirra sparisjóða, sem gerðir hafa verið að bönkum eða útibúum banka til ársloka 1965, er í töfl unni bætt við þær tölur banka og þær jafnframt dregnar frá tölum sparisjóða. Tilfærsla er gerð aftur í tím ann, frá því að breytingin á sér stað hjá hverjum sparisjóði.

*5. tafla. Innlán og útlán banka og sparisjóða.**

| | 1961 | 1962 | 1963 | 1964 | 1965 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Sparifé:** | | | | | |
| Landsbanki | 1.019,5 | 1.281,3 | 1.595,8 | 1.851,5 | 2.207,4 |
| Útvegsbanki | 442,3 | 559,8 | 643,5 | 706,6 | 851,2 |
| Búnaðarbanki | 392,0 | 491,4 | 575,3 | 701,0 | 926,3 |
| Iðnaðarbanki | 119,9 | 152,6 | 197,4 | 244,0 | 332,5 |
| Verzlunarbanki | 165,7 | 240,1 | 295,7 | 334,1 | 427,1 |
| Samvinnubanki | 61,3 | 101,1 | 132,8 | 226,5 | 317,4 |
| Samtals | 2.200,7 | 2.826,3 | 3.440,5 | 4.063,7 | 5.061,9 |
| 3 stærstu sparisjóðir | 268,9 | 334,1 | 380,5 | 433,3 | 517,2 |
| Aðrir sparisjóðir | 273,6 | 354,5 | 418,2 | 501,8 | 641,4 |
| Sparifé alls | 2.743,2 | 3.514,9 | 4.239,2 | 4.998,8 | 6.220,5 |
| **Veltiinnlán:** | | | | | |
| Landsbanki | 554,9 | 643,2 | 493,1 | 641,3 | 745,7 |
| Útvegsbanki | 207,3 | 204,6 | 226,7 | 308,6 | 406,6 |
| Búnaðarbanki | 104,1 | 156,4 | 164,8 | 215,9 | 264,0 |
| Iðnaðarbanki | 44,4 | 51,1 | 72,3 | 77,1 | 76,9 |
| Verzlunarbanki | 72,2 | 79,2 | 91,7 | 102,3 | 117,9 |
| Samvinnubanki | 21,0 | 34,5 | 52,7 | 55,3 | 83,2 |
| Samtals | 1.003,9 | 1.169,0 | 1.101,3 | 1.400,5 | 1.694,3 |
| 3 stærstu sparisjóðir | 13,6 | 23,6 | 22,6 | 31,0 | 21,6 |
| Aðrir sparisjóðir | 16,6 | 21,3 | 26,3 | 33,5 | 53,3 |
| Veltiinnlán alls | 1.034,1 | 1.213,9 | 1.150,2 | 1.465,0 | 1.769,2 |
| **Útlán:** | | | | | |
| Landsbanki | 2.136,4 | 2.349,8 | 2,677,7 | 2,926,2 | 3.789,9 |
| (Þar af erlendir víxlar endurl.) | — | (171,4) | (166,2) | (166,5) | (125,6) |
| Útvegsbanki | 991,1 | 1.005,8 | 1.155,6 | 1.265,1 | 1.454,2 |
| Búnaðarbanki | 499,1 | 591,7 | 655,6 | 752,3 | 988,1 |
| Iðnaðarbanki | 162,2 | 189,9 | 247,3 | 290,5 | 348,6 |
| Verzlunarbanki | 212,7 | 272,1 | 323,7 | 366,0 | 429,1 |
| Samvinnubanki | 67,2 | 122,8 | 158,9 | 229,2 | 315,6 |
| Samtals | 4.068,7 | 4.532,1 | 5.218,8 | 5.829,3 | 7.325,5 |
| 3 stærstu sparisjóðir | 252,2 | 306,4 | 337,3 | 381,7 | 434,3 |
| Aðrir sparisjóðir | 227,0 | 294,4 | 339,3 | 397,2 | 481,5 |
| Útlán alls | 4.547,9 | 5.132,9 | 5.895,4 | 6.608,2 | 8.241,3 |

* Þeir sparisjóðir, sem hafa verið yfirteknir af bönkum til ársloka 1965, eru taldir með bönkunum í ofangreindum tölum öll árin. Á árinu 1965 voru þannig þrír sparisjóðir gerðir að útibúum banka.

# 2. Starfsemi Seðlabankans

Í fyrri hluta þessarar skýrslu er rætt um efnahagsþróunina á árinu 1965 og þann þátt í starfsemi Seðlabankans, sem varðar stefnuna í peningamálum og efnahagsmálum almennt. Í þessum hluta skýrslunnar verður hins vegar gerð nánari grein fyrir starfsemi Seðlabankans á árinu 1965 og þar á meðal rakin einstök atriði í ársreikningum bankans.

*INNSTÆÐUBINDING.* Hinn 14. maí 1965 breytti Seðlabankinn reglum um innlánsbindingu með gildistíma frá byrjun ársins. Reglurnar fólu í sér, að lágmarksbinding var aukin úr 2% í 3%, en aukningarbinding var óbreytt, 25%. Hins vegar var sú veigamikla ákvörðun tekin að setja hámarksbindingu 18%, en hámarksheimild bankans í því tilliti var ákveðin 25% innlána við hverja stofnun með lögum frá 13. maí 1964. Þetta þýddi, að stofnanir, sem búnar voru að binda 18% heildarinnstæðna þurftu ekki eftir þetta að binda nema 18% af aukningu innlána til þess að halda hlutfallinu, en aðrar stofnanir með lægra bindihlutfall greiddu áfram 25% af aukningu innlána, þar til markinu var náð. Með þessari ákvörðun var stefnt að því að jafna hlutfall bundins fjár milli innlánsstofnana. Aukning lágmarksbindingar úr 2% í 3%, sem tók gildi samtímis, stefndi einnig að sama marki. Jafnhliða var opnuð leið fyrir stofnanir til þess að greiða verulega bindiskyldu, sem af þessu leiddi, með ákveðnum vaxtabréfum. Nutu stofnanir með heildarinnlán yfir 15 millj. króna einnig þeirrar reglu. Aðrar reglur um bindinguna héldust að mestu óbreyttar.

Hinn 30. desember 1965 breytti bankastjórnin aftur reglum um innlánsbindingu með gildistíma frá 1. október 1965 og 1. janúar 1966. Var hámark bindingar hækkað úr 18% í 20% af innlánum við hverja stofnun. Aukningarbinding var ákveðin 30% á ári í stað 25% áður, en lágmarksbinding var óbreytt, 3% á ári. Jafnframt var ákveðið, að innlánsstofnanir með heildarinnstæður innan við 25 millj. kr. gætu fullnægt bindiskyldu með sölu verðbréfa til Seðlabankans. Áður gátu stofnanir með innlánsfé allt að 15 millj. kr. notið þessa ákvæðis.

*VEXTIR VIÐ INNLÁNSSTOFNANIR OG SEÐLABANKANN.* Hinn 30. desember ákvað Seðlabankinn almenna breytingu vaxta við innlánsstofnanir. Tók hún gildi 1. janúar sl. Í aðalatriðum fól breytingin í sér 1% hækkun vaxta, og eru þeir þá orðnir mjög líkir því, sem þeir voru fyrir næstu vaxtabreytingu á undan, um áramótin 1964/65, að öðru leyti en því, að litlar hækk-

anir urðu á vöxtum af lánum til útflutningsframleiðslu. Þannig hækkuðu vextir af afurðavíxlum, sem Seðlabankinn endurkaupir með 1. veðrétti í útflutningsvörum, aðeins um ¼%, en vextir af 2. veðréttarlánum vegna sjávarafurða, sem viðskiptabankarnir veita, hækkuðu um ½%. Jafnframt var tekið upp það mikilvæga nýmæli að taka svokölluð útgerðarlán, með veði í væntanlegum afla, í sama vaxtaflokk, en undanfarin ár hafa viðskiptabankarnir reiknað hæstu útlánsvexti af þessum lánum.

Um fyrri áramót var tekin upp sú regla að heimila innlánsstofnunum að reikna 1% dráttarvexti fyrir mánuð eða brot úr mánuði af öllum skuldaskjölum, nema víxlum og tékkum. Í maímánuði sl. var gerð breyting á víxil- og tékkalögum, sem tók af öll tvímæli um það, að Seðlabankanum væri heimilt að ákveða hið sama fyrir víxla og tékka. Voru sömu vextir ákveðnir fyrir þessi skuldaskjöl í maí sl., og er sú ákvörðun nú endurtekin í vaxtaákvörðuninni frá 30. desember sl.

Vaxtakjör við innlánsstofnanir eru þannig í aðalatriðum frá 1. janúar sl. samkvæmt nefndri ákvörðun bankans, en fyrri vextir eru í svigum á eftir:

Vaxtakjörum við Seðlabankann var einnig breytt við síðustu áramót til samræmis við hina almennu vaxtabreytingu.

*INNLEND FJÁRÖFLUN OG FJÁRFESTINGARLÁNAMÁL.* Á árinu 1965 var gert samkomulag við viðskiptabankana um, að 10% af aukningu innlána hjá þeim færu til sérstakra útlána á vegum ríkisstjórnarinnar. Var þetta hliðstætt því samkomulagi, sem gert var við sömu stofnanir árin 1963 og 1964. Seðlabankinn hafði eins og áður milligöngu um innköllun fjárins og afgreiddi lánin, en þau voru veitt á grundvelli fjárfestingaráætlunar ríkisstjórnarinnar fyrir þetta ár. Um sl. áramót námu afgreidd lán tæpum 95 milljónum króna.

Á árinu 1964 gaf ríkissjóður út sparískírteinalán að fjárhæð 75 millj. kr. Í framhaldi þessa ákvað fjármálaráðherra að bjóða út nýtt spariskírteinalán, samt. að fjárhæð 75 millj. kr. Voru 47 millj. kr. seldar af því í maímánuði, en 28 millj. kr. í nóvember. Seldust skírteinin upp á nokkrum dögum. Spariskírteinin voru með sama sniði og skírteini, er seld voru árið á undan. Meðalvextir voru þó 6% eða rúmlega 1% lægri en í fyrstu útgáfunni og lánstími

| | | |
|---|---|---|
| I. *Innlánsvextir:* | | |
| 1. Alm. sparisjóðsbækur | 7% | (6%) |
| 2. 6 mán. — | 8% | (7%) |
| 3. 12 mán. — | 9% | (8%) |
| 4. 10 ára — | 9½% | (8½%) |
| 5. Sparisjóðsávísanabækur | 4% | (3%) |
| 6. Innstæður á hlaupareikningi | 3% | (2%) |

| | | |
|---|---|---|
| II. *Útlánsvextir:* | | |
| 1. Forvextir af víxlum | 9—9½% | (8—8½%) |
| 2. Framlengingarvextir víxla eftir 3 mán. | 9½—10% | (8½—9%) |
| 3. Yfirdráttur á hlaupareikningi | 7% auk 3% viðsk.gj. | (6% auk 3% viðsk.gj.) |
| 4. Skuldabréf | 9½—10% | (8½—9%) |
| 5. Endurkeyptir afurðavíxlar 1. veðr. (útflutningur) | 6% | (5¾%) |

lengdur úr 10 í 12 ár. Seðlabankinn annaðist allan undirbúning lánsins og dreifingu. Hann sá einnig um endurlán á andvirði seldra spariskírteina. Var fénu ráðstafað í samræmi við fjárfestingaráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir 1965.

*REIKNINGSHREYFINGAR.* Við árslokin 1965 reyndist niðurstöðutala efnahagsreiknings Seðlabankans 5.006,6 millj. kr. og hafði hækkað um 785,2 millj. kr. á árinu á móti 598,8 millj. kr. árið áður.

Eignaaukning Seðlabankans á árinu var einkum fólgin í auknum erlendum eignum, yfirdrætti á reikningi ríkissjóðs, endurkaupum afurðavíxla, svo og aukinni eign innlendra verðbréfa, en eignaaukningin var aðallega borin uppi af auknu seðlamagni í umferð, innstæðum peningastofnana, innstæðum ríkisstofnana og sjóða og loks aukningu erlendra skulda. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir helztu breytingum á efnahagsreikningi Seðlabankans árið 1965.

Erlendar eignir Seðlabankans, að meðtalinni gulleign og gullframlagi til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, námu í árslokin 2.346,8 millj. kr. og höfðu hækkað um 403,5 millj. kr. á árinu. Innstæður hjá erlendum bönkum jukust um 326,8 millj. kr., en þar var einkum um að ræða innstæður á uppsagnarreikningum bundnar í 1—6 mánuði. Eign bankans af erlendum verðbréfum og ríkisvíxlum jókst um 95,3 millj. kr. Erlendar skuldir bankans hækkuðu um 149,4 millj. kr. á árinu og námu 415,9 millj. kr. í árslokin. Skuldir á vöruskiptareikningum jukust um 150,3 millj. kr., og lán til langs tíma jukust um 7,8 millj. kr. Samningsbundnar afborganir námu 56,6 millj. kr., en nýtt lán var tekið hjá Hambros Bank Ltd., að upphæð 64,4 millj. kr. Nettógjaldeyriseign Seðlabankans í árslok 1965, þ. e. gullforði, erlendar eignir og kvóti hjá Alþjóðagjaldeyrissjóði, að frádreginni innstæðu Alþjóðagjaldeyrissjóðs og erlendum skuldum (þó ekki lánum til langs tíma), nam 2.066,5 millj. kr. og hafði aukizt um 261,9 millj. kr. á árinu. Árið 1964 jókst gjaldeyriseign þannig metin um 274,0 millj. kr.

Skuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana á hlaupareikningum námu 362,0 millj. kr. í lok ársins og höfðu hækkað um 81,7 millj. kr. frá árslokum 1964. Skuld ríkissjóðs á aðalviðskiptareikningi nam 310,6 millj. kr. eða 90,2 millj. kr. hærri upphæð en í árslok 1964. Árið 1964 hafði staðan á þessum reikningi versnað um 285,1 millj. kr. Innstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana námu hins vegar 669,9 millj. kr. í árslok og höfðu aukizt um 115,9 millj. kr. Hlaupareikningsstaða ríkissjóðs og ríkisstofnana við Seðlabankann var því hagstæð í árslok 1965 um 307,9 millj. kr. eða 34,2 millj. kr. hagstæðari en árið áður.

Mótvirðisfé nam í árslok 268,0 millj. kr. og hafði lækkað um 31,6 millj. kr. á árinu. Lokaður reikningur Framkvæmdabanka lækkaði um árlega afborgun að upphæð 3,6 millj. kr., en „Mótvirðissjóður 1961“ lækkaði um 26 millj. kr.

Eign Seðlabankans af innlendum verðbréfum hækkaði um 102,9 millj. kr. og nam 506,8 millj. kr. í árslok. Mikill hluti hækkunarinnar á rót sína að rekja til endurláns á erlendu láni til Vegamálastjórnar að upphæð 64,4 millj. kr.

6. *tafla. Efnahagsreikningur*

| EIGNIR (í millj. kr.): | ÁRSLOK 1961 | 1962 | 1963 | 1964 |
|---|---|---|---|---|
| **Gullforði** | **43,7** | **43,7** | **43,7** | **43,7** |
| **Erlendar eignir** | **1.171,5** | **1.465,9** | **1.459,9** | **1.778,7** |
| a. Erlendir bankar | 170,5 | 252,8 | 282,9 | 162,5 |
| b. Erlend verðbréf | 808,9 | 1.062,4 | 1.018,4 | 1.531,0 |
| c. Erlendir víxlar | 28,0 | 43,8 | 33,0 | 37,2 |
| d. Vöruskiptareikningar | 164,1 | 106,9 | 125,6 | 48,0 |
| **Kvóti hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum** | **483,7** | **483,7** | **483,7** | **483,7** |
| a. Gullframlag | 120,9 | 120,9 | 120,9 | 120,9 |
| b. Krónuframlag | 362,8 | 362,8 | 362,8 | 362,8 |
| **Innlánsstofnanir** | **841,8** | **686,7** | **748,6** | **797,2** |
| a. Óinnleystir tékkar | — | — | — | — |
| b. Reikningsskuldir | 6,0 | 4,4 | 2,0 | 14,9 |
| c. Lán gegn verðbréfum | 41,1 | — | — | 5,3 |
| d. Endurkeyptir víxlar | 794,7 | 682,3 | 746,6 | 777,0 |
| **Fjárfestingarlánastofnanir** | **348,7** | **407,3** | **401,4** | **376,8** |
| a. Reikningsskuldir | 0,2 | 19,0 | — | 20,0 |
| b. Lán gegn verðbréfum | — | — | 10,0 | 11,3 |
| c. Stofnlánadeild sjávarútvegsins | 348,5 | 388,3 | 391,4 | 345,5 |
| **Skuldir á hlaupareikningi** | **173,1** | **141,2** | **81,6** | **285,2** |
| a. Aðalviðskiptareikningur ríkissjóðs | — | — | — | 220,4 |
| b. Aðrir ríkisreikningar | 159,8 | 126,6 | 76,7 | 59,9 |
| c. Lán til ríkissjóðs vegna alþjóðastofnana | 11,3 | 4,8 | 4,7 | 4,7 |
| d. Ríkisstofnanir | 0,9 | 9,7 | — | — |
| e. Aðrir reikningar | 1,1 | 0,1 | 0,2 | 0,2 |
| **Innlend verðbréf** | **201,7** | **294,6** | **353,8** | **403,9** |
| a. Ríkissjóður og ríkisstofnanir | 98,0 | 129,1 | 106,3 | 85,5 |
| b. Veðdeild Landsbanka | 67,2 | 69,9 | 68,4 | 126,6 |
| c. Aðrar fjárfestingarlánastofnanir | 15,4 | 78,1 | 82,8 | 95,5 |
| d. Bæjar- og sveitarfélög | 1,7 | 1,2 | 1,4 | 1,8 |
| e. Endurlánað erlent lánsfé | — | — | 80,5 | 75,8 |
